

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. tbl. · 16. árg. · Nóvember 2019

Flúðaskóli í 90 ár!



Þann 25. október síðastliðinn var haldið upp á 90 ára afmæli Flúðaskóla. Afmælið hófst kl. 16 með hátíðardagskrá í Félagsheimilinu þar sem fram komu fyrrverandi og núverandi nemendur skólans.

Að því loknu var gestum boðið upp á afmæliskaffi í skólanum og þar var einnig sýning á verkefnum nemenda og myndir frá ýmsum tímum af nemendum og starfsfólki.

Í tilefni afmælisins voru skólanum færðar veglegar gjafir. Hrunamannahreppur gaf fánastöng og fána með merki skólans. Kvenfélag Hrunamannahrepps gaf 200.000 krónur til skapandi verka og Límtré/Virnet gaf fánastöng. Foreldrafélag Flúðaskóla færði nemendum 21 borðspil. Nú í haust ákváðu nemendur á unglingastigi að hafa tækjalausar frímínútur þrjá daga vikunnar og er því þessi gjöf mjög kærkomin m.a. fyrir það verkefni.

Mjólkursamsalan gaf 20 lítra af rjóma, sem notaðir voru á afmæliskökur.

Karl Gunnlaugsson, Varmalæk, færði skólanum til varðveislu krók sem notaður var í steypuvinnu gamla skólahúsnaðisins.

Á þriðja hundrað gesta komu og áttu með okkur skemmtilega stund og viljum við þakka öllum innilega fyrir komuna.

Nemendur og starfsfólk Flúðaskóla

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

**FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS**



ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

Skilafrestur í næsta blað er:
fimmtudaginn 5. des.
frettabref@skeidgnup.is



Jólahlaðborð á Fosshótel Heklu

23. og 30. nóvember | 7. desember





Jólahlaðborð aðeins 9.900 kr. á mann

Gisting fyrir tvo með morgunverði og jólahlaðborði aðeins 31.000 kr.*
· Aukanótt m/morgunmat 12.000 kr.

*Verð í eins manns herbergi 18.900 kr.

Matseðill

Kaldir réttir:
Úrval af síld, reyktur og grafin lax, gæsapaté, hangikjöt með uppstúf, hamborgarahryggur, Confit silungur o.fl.

Heitir réttir:
Lambainnanlæri, andabringa, purusteik, fylltur kjúklingur

Eftirréttir:
Eplabaka, frönsk súkkulaðikaka, ris a la mande, ís

Hópar í árshátíðarferðir, á fundi og hópeflisferðir eru velkomnir allan ársins hring.

Pantanir í síma **486 5540** og á hekla@fosshotel.is

FOSSHOTEL
HEKLA



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

432-2770

Opið virka daga kl. 8-16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9
í síma 432-2020.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna
á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna
og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta
Árnesþings.
Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðu-
maður ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í
Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112

**Viðbragðsáætlun
Almannavarna**
-samfélagsleg áföll-



Skýrslan fyrir Skeiða- og
Gnúpverjahrepp var gefin út á
síðasta ári.

Hún er fánleg á skrifstofu
sveitarfélagsins og
má hana einnig finna á
www.skeidgnup.is

HUNDAFANGARI

RAGNAR SIGURJÓNSSON



859-9559



NESLAUG

Sími: 486-6117



Vetraropnun sept-maí


Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18
Sunnudaga: 13-18*

*í september og maí



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Vetraropnun sept-maí

Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 17-22

Umsjónarmaður: Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com



**Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna**

Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799



**Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja**

Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn
Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga
(Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga. Ekki er lengur þörf á að taka
byrðin í sundur. Allt má fara saman í einn poka til endurvinnslu.
Það má nýta áburðarpokana undir laust rúlluplast og skila því
þannig á Gámasvæðin eða láta sorpbílana taka pokana með öðru
rúlluplasti.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum
og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað.
Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbröt.
Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint).
Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.
Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson GSM: 892-1250
Netfang: bjarni@skeidgnup.is

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláinu er dreift ókeypis á öll heimili
og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 360 eintök.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:
Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16
Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari & vefumsjón:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús/Þjónustustöð
Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is
Bjarni Jónsson
892-1250 bjarni@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólustjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli
Sími 486-6000
Skólustjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736



Fréttir frá Þjórsárskóla

Landgræðslan

Allur skólinn fór upp á Skaftholtsfjall 2. október í góðu veðri. Nemendur unnu að landgræðsluverkefnum, mismunandi eftir aldri. Yngri nemendur dreifðu úr rúllur sem landbótafélagið útvegaði okkur og skít á víðiplöntur. Elsti hópurinn skoðaði og skráði gróður í tilraunareitunum. Í alla staði vel heppnuð ferð.



Bleikur dagur

Október er mánuður Bleiku slaufunnar, árvekni- og fjáröflunarátaks Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini hjá konum. Af því tilefni eru landsmenn hvattir til að klæðast einhverju bleiku. Við í Þjórsárskóla sýndum samstöðu og mættum í bleiku fimmtudaginn 10. október.



Bangsadagur

Í tilefni af alþjóðlegum bangsadeigi mættum við í náttfötum og höfðum með okkur bangsann okkar.

Brúum bilið – heimsóknir milli Leikholts og Þjórsárskóla

Yfir skólaárið kemur skólahópur leikskólans í reglulegar heimsóknir til 1.-2. bekkjar með kennaranum sínum. Unnið er með þema í þess-



um heimsóknnum þar sem flétuð er saman kennsla í mörgum námsgreinum. Með þessari samfelli milli skólastiga skapast öryggi hjá verðandi skólabörnum og vinatengsl myndast hjá þeim yngri og eldri. Sömuleiðis fær starfsfólk skólans gott tækifæri til að kynna leikskólabörnunum og mynda við þau tengsl.



Skáld í skólum – Hávísendalegar og trylltar tilraunir

Í október fengum við heimsókn í skólann. „Hávísendalegar og trylltar tilraunir“. Linda Ólafsdóttir, teiknari og barnabókahöfundur og Vilhelm Anton Jónsson, leikari, söngvari og barnabókahöfundur komu til okkar



með líflega kynningu á sögugerð þar sem ímyndunaraflíð fékk að njóta sín.

Jól í skókassa

Á hverju ári taka nemendur og starfsmenn Þjórsárskóla þátt í verkefninu Jól í skókassa. Það er hluti af verkefni okkar um sjálfbærni. Þetta verkefni felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með

því að færa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og mælt er til þess að heimili endurnýti fatnað og leikföng sem til eru heima fyrir en kaupi ekki allt nýtt.

Gjafirnar fara til Úkraínu og er dreift á munaðarleysingjahæli, barnaspítala og til einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.





Leikskólinn
Leikholt

Tíminn liður hratt hér á leikskólanum enda alltaf gaman hjá okkur.

Börnin í elsta árgangnum (2014) eru búin hafa mikið að gera. Þau eru búin að fara einu sinni í viku í heimsókn í Þjórsárskóla í október og þau hafa verið svo spennt að fara, að það hefði verið gaman að geta tekið upp spennuna í loftinu fyrir heimsóknirnar til að sýna hve tilhlökkunin er mikil. Síðan hafa þau líka verið að fara í vatnsaðlögun í Skeiðalauginni með Siggú okkar og Sirrý einu sinni í viku og náðu að fara 5 skipti áður en frostið kom. Þau æfðu sig mikið í búningsklefanum og alveg heilmikið í sundlauginni. Við stefnum svo á að

fara aftur einu sinni í viku þegar það fer að vora.

Bangsa – og náttfatadagur var haldinn 25. október og mættu þá allir í náttfötum og með sinn bangsa.

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur hjá okkur í Leikholti föstudaginn 15. nóvember með því börnin ætla að syngja nokkur lög fyrir eldri borgara og foreldra sína í salnum okkar góða.

Myndirnar eru frá Bangsadegi, úti-veru og tvær úr tónlistarstund með Helgu Kolbeins.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.





BASAR KVENFÉLAGS SKEIÐAHREPPS

Sunnudaginn 17.nóvember kl. 14.00 verður hinn árlegi
Basar Kvenfélags Skeiðahrepps í Brautarholti.

Tombólan góða verður á sínum stað og engin núll.
Vöffur, kaffi og kakó til sölu, spennandi sölu og
kynningar- básar verða á staðnum.

Tökum á móti munum á tombólu og basar laugardaginn
16.nóvember kl:16.00-18.00 í Brautarholti.

Hlökkum til að sjá ykkur

Nefndin



www.hruni.is

facebook.com/hrunaprestakall

Kæru sveitungar. Ég leyfi mér að minna á fjölbreytt helgihald framundan í kirkjunum okkar. Þar á meðal hversdagsmessu á fimmtudagskvöldi, afmælskvöldmessu með ættjarðarlögum og aðventuhátíðir.

7. nóvember (fimmtudagur)

Hversdagsmessa í Hrunakirkju á fimmtudagskvöldi kl. 20.

17. nóvember

Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og ættjarðalagamessa í Stóra-Núpskirkju kl. 20. 110 ára afmæli kirkjunnar fagnað og fólk hvatt til að mæta í þjóðbúningi til messu.

30. nóvember (laugardagur)

Helgistund í Hrunakirkju kl. 14 og helgistund í Hrepphóla kirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugarði.

1. desember

Aðventusamkoma í Árnesi kl. 15. Nemendur Þjórskóla syngja og leika. Fermingarbörn verða með upplestur og kirkjukórinn syngur. Ræðumaður: Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup.

Aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20. Kirkjukórinn syngur. Flutt verður jólasaga. Ræðumaður: Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur



HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON



859-9559



Starfskraftur óskast í mötuneyti

Óskað er eftir starfskrafti í skólamötuneyti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Starfsvið: Aðstoð við matráð í matseld ásamt ræstingum.

Starfshlutfall: 50-60 %.

Reynsla af matseld er kostur.

Viðkomandi þarf helst að hefja störf fyrir 10. desember næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 20 nóvember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Kristófer Tómasson sveitarstjóri kristofer@skeidgnup.is
sími 486-6100 og 861-7150.



Fyrirmyndarfyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Nýverið var kunngjört um framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt mati Creditinfo.

Tvö fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fengu slíka viðurkenningu að þessu sinni. Nesey ehf og Landstólpi ehf. Bæði fyrirtækin hafa hlotið slíkar viðurkenningar árlega frá árinu 2015. Aðeins 2% íslenskra fyrirtækja komust í þennan virðingarflokk 2019.

Forsvarsfólki Neseyjar og Landstólpa eru færðar árnaðaróskir af þessu tilefni.

Jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla verður laugardaginn 30. nóvember kl 14.00

í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni. Lítið söluborð kostar 1.500 kr og stórt borð 3.000 kr.

Pantanir fyrir söluborð berist til Lindu lindadoggsnae@gmail.com s. 868 2384


eða Guðnýjar ketilvellir@simnet.is s. 848 7758



 VÖRÐUKÓRINN

Heldur útgáfutónleika
í Skálholti 23. nóvember

Miðaverð 2500



Kórinn hefur verið að taka upp lög úr ýmsum áttum
og nú er komið að því að geisladiskur er kominn út.

Endilega komið og njótið með okkur



Molar úr fundargerð 30 (16. október)

• Búsetuúrræði fyrir fatlaðan einstakling. Lagt var fram minnisblað unnið af Áslaugu Árnadóttur um búseturétt fólks með langvarandi stuðningsþarfi og skyldur sveitarfélaga. Sveitarstjórn leggur til að nokkrir möguleikar vegna málsins verði skoðaðir til hlítar. Ákvörðun verði tekin á næsta fundi sveitarstjórnar.

• Jafnlaunavottun. Rætt um möguleika á samstarfi sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu auk Flóahrepps um vinnufyrirkomulag við að fá jafnlaunavottun, ásamt verkáætlun. Lögð fram verkefnalýsing og samantekt um undirbúning undir jafnlaunavottun umræddra sveitarfélaga. Leitað hefur verið til Strategíu ráðgjafar. Reiknað er með að verkefnið taki um þrjá mánuði. Hugmyndir hafa komið fram um að ráðinn verði verkefnisstjóri er haldi utan um verkefnið. Verkefnahópar verði auk þess starfandi í hverju sveitarfélagi fyrir sig er aðstoði við verkþætti á borð við öflun gagna, og flokkun starfa. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í samstarfi með áðurnefndum sveitarfélögum um verkefnið.

• Árhraun fyrirspurn um byggingaleyfi. Lagt fram bréf frá Brynju Haraldsdóttur og Sigurði Agli Sigurðs-

syni. Í bréfinu er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til landnýtingar lóða úr jörðinni Árhraun. Þar er átt við Skógrækt, útivistarsvæði, beitiland, frístundabyggðar, ferðaþjónustu og byggingu íbúðarhúss til fastrar búsetu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins og samþykkir að óska eftir fundi með hlutaðeigandi aðilum um áform þeirra.

• Gatnagerðargjöld bréf til lóðarhafa. Sveitarstjóri lagði fram drög að bréfum til lóðarhafa í þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu, varðandi álagningu gatnagerðargjalda. Er um framhald að ræða frá 28. fundi sveitarstjórnar. Um tvær útgáfur að bréfum er að ræða. Annars vegar til handhafa lóðarleigusamninga sem undirritaðir voru 2004 eftir gildistöku gjaldskrár. Hins vegar bréf til þeirra sem undirrituðu lóðarleigusamninga fyrir umrædda gildistöku. Fyrir liggur álit frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að handhöfum lóðarleigusamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku gjaldskrár gatnagerðargjalda í sveitarfélaginu beri ekki lagaleg skylda til að greiða gatnagerðargjöld verði þau lögð á. Samþykkt er engu að síður að mælast til þess að handhafar lóðarleigusamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku gjaldskrá greiði gatnagerðargjöld

samkvæmt gjaldskrá. Hins vegar beri, samkvæmt álitinu, handhöfum lóðarleigusamninga sem gerðir voru eftir gildistöku gjaldskrárinnar að greiða þau gatnagerðargjöld sem lögð verða á í samræmi við skilmála tilheyrandi lóðarleigusamninga. Drög að bréfum samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda bréfin til hlutaðeigandi aðila. Sveitarstjóra heimilað að veita greiðslufresti á gatnagerðargjöldunum.

• Tré lífsins ehf. - Minningagarðar. Lagt fram bréf frá samtökunum tré lífsins, undirritað af Sigríði Bylgju Sigurjónsdóttur. Erindi bréfsins er að leita eftir áhuga sveitarfélagsins á svo nefndum minningargörðum fyrir ösku látins fólks og möguleika á aðstöðu fyrir slíkan garði. Sveitarstjórn hafnar erindinu að svo stöddu.

• Lögð fram fundargerð frá fundi oddvitanevndar Laugaráslæknishéraðs frá 11. september 2019. Á fundinum var fjallað um undirbúning sameiginlegrar atvinnustefnu uppsveita Árnessýslu, samhliða vinnu við sóknarætlun SASS. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að unnin verði sameiginleg atvinnustefna í uppsveitum.

• Auk þess var óskað eftir styrk til söguskilta í Laugarási kr. 500.000.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að styrkurinn verði veittur.

• Vatnsmál í uppsveitum. Lögð fram fundargerð frá 20. september um mögulega sameiginlega vatnsveitu í uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Leitað er eftir afstöðu hvers sveitarfélagsins til þátttöku í verkefninu. Á fundinum var auk þess lagt til að stofnaður verði starfshópur um verkefnið og jafnframt óskað eftir tilnefningu 2-3 fulltrúa frá hverju sveitarfélagi í starfshópinn. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og tilnefni Kristófer Tómasson sveitarstjóra og Bjarna Jónsson forstöðumann þjónustustöðvar í starfshópinn.

• Bergisinn fundarboð- kjör fulltrúa. Lagt fram boð um aðalfund Bergisins byggðasamlag um málefni fatlaðra ásamt dagskrá, 23. október kl 14.30. Samkvæmt samþykktum samlagsins á Skeiða- og Gnúpverjahreppur rétt á setu þriggja fulltrúa á aðalfundinum. Eftirtaldir voru kjörnir fulltrúar á aðalfundinn: Björgvin Skafti Bjarnason, Matthías Bjarnason og Anna Sigríður Valdimarsdóttir. Til vara Einar Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson og Anna Kr Ásmundsdóttir.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

KORNGRÍS

LAXÁRDAL

ALINN Á ÍSLENSKU KORNI

Jólasteikurnar komnar í kjötborðið

Hamborgarhryggir, Sveitaskinka (sænsk jólaskinka),

Purusteikur úr hrygg, síðu og bóg

Reyktur hnakki úrbeinaður, ásamt ýmsu öðru góðgæti

2019

Opíð: Þriðjudaga og miðvikudaga 11:00-17:00

Fimmtudaga og föstudaga 11:00-16:30

Laugardaga 13:30-16:30